



Málstefna Reykjavíkurborgar

1. Íslenska er í öndvegi hjá Reykjavíkurborg.
2. Öll samskipti fela í sér vinsemd og virðingu.
3. Íslenska er meginsamskiptamál Reykjavíkurborgar. Starfsfólk notar íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema þegar aðstæður krefjast þess að það noti önnur tungumál. Starfsfólk sem er í beinum samskiptum við borgarbúa hefur grundvallarfærni í íslensku.
4. Allar upplýsingar eru aðgengilegar og auðskiljanlegar. Vandað og skýrt mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnsýslu borgarinnar. Starfsfólk skrifar einfaldan, skýran og hlutlægan texta.
5. Allt efni Reykjavíkurborgar er á íslensku. Auk þess er fólki tryggt aðgengi að upplýsingum, til dæmis með túlkun, þýðingum eða texta á auðlesnu máli. Þegar þýðing er til staðar er íslenskur og erlendur texti alltaf birtur samhliða.
6. Reykjavíkurborg skapar starfsfólki skilyrði og hvetur það til að bæta íslenskukunnáttu sína með símenntun og stuðningi. Hjá Reykjavíkurborg er litið á tungumálakunnáttu og margbreytileika mannlífsins sem auðlind.
7. Upplýsingamiðlun til fólks með sérþarfir og fötlun er í samræmi við alþjóðlega staðla. Reykjavíkurborg tryggir upplýsingagjöf með talgervlum, á punktalettri og íslensku táknmáli þar sem við á.
8. Málstefnan tekur mið af annarri stefnumótun og gildir á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar og hjá fyrirtækjum og stofnunum sem veita þjónustu fyrir hönd borgarinnar.